

Skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



Reykjavík 7. mars 2016  
UST201601-185/K.S.J.  
10.04.03

### Efni: Tillaga að deiliskipulagi við Holt á Mýrum Sveitarfélaginu Hornafjörður

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar er barst 25.janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi við Holt á Mýrum.

#### Skipulagssvæðið


Svæðið sem skipulagið nær til er 3,3 ha að stærð. Á reitnum er Félagsheimilið Holt, eitt íbúðarhús, móttökustöð fyrir sorp, spennistöð ásamt tveimur möstrum og leiksvæði. Í deiliskipulagstillögunni felst að gert er ráð fyrir 6 lóðum fyrir einbýlishús og 2 lóðum fyrir raðhús.


Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir fráveitu skv. lögum og reglugerð.

Á svæðinu eru ekki náttúruvinjar á náttúruvinjaskrá og ekki tiltekin vistkerfi og jarðvinjar er njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur